# Kaup JBT á hlutabréfum í Marel hf. - TILBOÐ 1

*Greitt með evrum*

### Upplýsingar sem þarf að hafa við höndina

- Nafnverð hlutabréfanna í Marel sem þú seldir JBT.
- Hversu mikið þú fékkst greitt í evrum.

- Gengi evru var 144,56 kr. á söludegi (20. desember 2024).
- Gengi evru í árslok var 143,40 kr.

### Svona eru fjárhæðir reiknaðar sem færa ber í framtalið

Helgi seldi hlutabréf í Marel að nafnverði 1.000 kr. fyrir 3.600 evrur.

3.600 x 144,56 = **520.416 kr.**
greiðsla í evrum x gengi evru á söludegi = **söluverð Marel**

3.600 x 143,40 = **516.240 kr.**
greiðsla í evrum x gengi evru í árslok = **eign í evrum í árslok**

## 1 Sala á bréfum í Marel

- Upphafssíða
- Framtal 2025
- Fylgiskjöl Helgi
- Fylgiskjöl Svanhvít
- Sameiginleg fylgiskjöl
- 2.02 Greidd leiga
- 3.02 Eignakaup
- 3.02 sala eigna
- 3.03 Húsbyggingar-skýrsla
- 3.15 Sala/innlausn verðbréfa
- 3.19 Hlutabréfaeign
- 3.25 Leigutekjur
- Rekstrarblöð Helgi

Þar sem upplýsingar um sölu hlutabréfa eru ekki áritaðar á hlutabréfablað RSK 3.19, verður að færa þær inn.

1. **Fyrst þarf að opna hlutabréfablaðið.**
   Það er undir „Sameiginleg fylgiskjöl" ef þú skilar framtali með maka, en annars undir „Fylgiskjöl".
2. **Næst er að færa inn söluna á Marel.**
   Hlutabréfin í Marel eru í flestum tilvikum í flokki 1 „Almenn hlutabréf", en kunna þó að vera í flokki 2 eða 4.

**1 - Almenn hlutabréf**

| Almennar upplýsingar | | Hlutabréfaeign í upphafi árs | |
|---|---|---|---|
| 1 Kennitala hlutafélags | 2 Nafn hlutafélags | 3 Nafnverð | 4 Stofnverð (kaupverð) |
| 6204830369 | Marel hf. | 100.000 | 400.000 |
| 4411021230 | Ljósafjall ehf. | 500.000 | 500.000 |
| | | | |
| Ný lína | Samtals | 600.000 | 900.000 |

3. **Smellt er á bláa hnappinn fyrir aftan kennitölu.**
   Þá opnast skráningarmyndir þar sem færa ber inn viðeigandi upplýsingar.




Færa ber inn dagsetninguna 20.12.2024. Þar sem kaupandinn er erlendur er færð inn kennitalan 9999999999. Þá ber að færa inn nafnverð seldra hlutabréfa í Marel og **söluverð Marel** (sjá formúlu í dæminu hér fyrir ofan).

Ef þú seldir oftar en einu sinni í félaginu á síðasta ári á að setja inn upplýsingar um hverja sölu fyrir sig í sér línu. Smellt er á hnappinn „Ný lína" til að fjölga þeim.

Smellt er á „Áfram" hnappinn til að komast í þriðja þrep.

Séu reitir vegna arðgreiðslu útfylltir, ber að færa inn upplýsingar um dagsetningu hennar, fjárhæð og afdregna staðgreiðslu.

Að lokum er smellt á „Áfram" hnappinn til að fara aftur á hlutabréfablaðið sjálft.

Athugaðu að ekki er hægt að færa hærri fjárhæð en 22% af greiddum arði í reitinn „Afdregin staðgreiðsla". Ef félagið eða vörsluaðili hélt eftir hærri fjárhæð en sem því nemur skalt þú færa inn útskýringar í athugasemdadálk á forsíðu framtals með réttri fjárhæð arðs og staðgreiðslu.

## 2 Greiðsla í evrum

Í kafla 3.3 „Innlend og erlend verðbréf og kröfur" á fjármagnstekjusíðu framtals ber að færa **eign í evrum í árslok** (sjá formúlu í dæminu hér fyrir ofan).

- Upphafssíða
- Framtal 2025
- 1.01 Forsíða
- 1.01 Tekjusíða Helga
- 1.01 Tekjusíða Svanhvít
- 1.01 Fjármagnstekjur
- 1.01 Eignir og skuldir
- Prentvæn útgáfa
- Sundurliðunarblað
- Afrit af framtali 2024
- Fylgiskjöl Helgi
- Fylgiskjöl Svanhvít

**Þú byrjar á því að opna fjármagnstekjusíðuna.**
Hún er undir „Framtal 2025".

**Því næst færir þú upplýsingarnar í kafla 3.3**

| 3.3 Innlend og erlend verðbréf og kröfur. Stofnsjóðsinneign | | Staðgreiðsla | | Vaxtatekjur | | Eign í árslok |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Vaxtatekjur og staðgreiðsla skv. RSK 3.15 | | 111.412 | | 574.300 | | |
| Davíð Davíðsson | | 0 | | 15.000 | | 413.000 |
| Krafa í evrum v/JBT | | 0 | | 0 | | 516.240 |
| Ný lína Samtals | 302 | 111.412 | 36 | 589.300 | 02 | 929.240 |

## 3 Hlutabréfablaðið fyrir og eftir

### Hlutabréfablaðið áður en búið er að færa inn upplýsingarnar

**1 - Almenn hlutabréf**

| Almennar upplýsingar | | Hlutabréfaeign í upphafi árs | | Kaup | | Breyting | | Sala | | | | Arður og staðgreiðsla | | Hlutabréfaeign í árslok | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 Kennitala hlutafélags | 2 Nafn hlutafélags | 3 Nafnverð | 4 Stofnverð (kaupverð) | 5 Nafnverð keyptra hlutabréfa | 6 Kaupverð | 7 Breyting á nafnverði | 8 Breyting á kaupverði | 9 Söluverð | 10 Nafnverð seldra hlutabréfa | 11 Stofnverð seldra hlutabréfa | 12 Söluhagnaður/sölutap | 13 Arður | 14 Staðgreiðsla af arði | 15 Nafnverð | 16 Kaupverð (stofnverð) |
| 6204830369 | Marel hf. | 1.000 | 400.000 | 0 | 0 | 0 | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1.000 | 400.000 |
| 4411021230 | Ljósafjall ehf. | 500.000 | 500.000 | 0 | 0 | 0 | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 500.000 | 500.000 |
| | Samtals | 501.000 | 900.000 | 0 | 0 | 0 | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 501.000 | 900.000 |

### Hlutabréfablaðið eftir að búið er að færa inn upplýsingarnar

**1 - Almenn hlutabréf**

| Almennar upplýsingar | | Hlutabréfaeign í upphafi árs | | Kaup | | Breyting | | Sala | | | | Arður og staðgreiðsla | | Hlutabréfaeign í árslok | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 Kennitala hlutafélags | 2 Nafn hlutafélags | 3 Nafnverð | 4 Stofnverð (kaupverð) | 5 Nafnverð keyptra hlutabréfa | 6 Kaupverð | 7 Breyting á nafnverði | 8 Breyting á kaupverði | 9 Söluverð | 10 Nafnverð seldra hlutabréfa | 11 Stofnverð seldra hlutabréfa | 12 Söluhagnaður/sölutap | 13 Arður | 14 Staðgreiðsla af arði | 15 Nafnverð | 16 Kaupverð (stofnverð) |
| 6204830369 | Marel hf. | 1.000 | 400.000 | 0 | 0 | 0 | | 520.416 | 1.000 | 400.000 | 120.416 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 4411021230 | Ljósafjall ehf. | 500.000 | 500.000 | 0 | 0 | 0 | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 500.000 | 500.000 |
| | | 501.000 | 900.000 | 0 | 0 | 0 | | 520.416 | 1.000 | 400.000 | 120.416 | 0 | 0 | 500.000 | 500.000 |

Skatturinn